SAMÞYKKT
07 OKT 2013
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.




Grunnmynd lagnakjallara




Grunnmynd þakhæðar




Grunnmynd neðri hæðar

<u>Frístundahús við Rjúpnabraut 9a - landnúmer 212041 (ath. lóð 9b er eign sömu eigenda og 9a)</u>

Burðarkerfi.
Húsið er grundað á klöpp, með staðsteypum sökklum og 120-150mm botnplötu einangraðri með 75mm einangrun að neðanverðu. Aðrir byggingarhlutar eru úr timbri.
Allir útveggir og hluti innveggja eru berandi, gerðir úr 150mm timburstoðum með einangrun á milli stoða. Utanvert á stoðum er 12mm krossviður sem stífar húsið af.
Gólf á efri hæð eru gerð úr 200mm bitum með krossviði ofan á.
Þak er hefðbundið tvíhalla mænisþak úr 9" sperrum og klætt 12mm krossviði til afstýfingar. Á milli sperra er 200mm steinullareinangrun. Ofan við einangrun er 25mm loftunarbil.

Utanhússfrágangur
Utan á krossviðarklæðningu útveggja eru skrúfaðir láréttir timburlistar og á þá fest standandi lerkiklæðning í gráum tónum.

Allir gluggar og hurðir eru úr grábæsuðum harðviði. Kólnunartala glugga og hurða með gleri er á bilinu 1.5 - 2.0. Allt gólfsítt gler er öryggisgler.

Ofan á krossviðarklæðningu þaks er bræddur tvöfaldur þakpappi og ofan á hann lagt tvöfalt lag af úthagatorfi.

Innanhússfrágangur
Innanvert á útveggi er fest rakavarnarlag, þá 35mm raflagnagrind og að lokum eldtefjandi spónaplötur. Allir innveggir eru úr timburstoðum og spónaplötum. Spónaplötur eru heilspartlaðar og málaðar.

Neðan á þaksperrur er fest rakavarnarlag, þá 35mm raflagnagrind og að lokum loftaklæðning.
Á milli gólfbita 2. hæðar er einangrað með 75mm steinullareinangrun og klætt af með loftaklæðningu.
Gólf eru parketlögð að undanskilnu anddyri, geymslu og baði sem eru flísalögð.

Lagnir
Öll inntök, lagnagrindur o.þ.h. eru í geymslu við hlið anddyris. Lagnaleiðir eru þaðan í gólfi og veggjum.
Húsið er upphitað með gólfhita. Hitalagnir eru ísteyptar á neðri hæð hússins en liggja í þar til gerðum mottum ofan á krossviðarlagi gólfs á 2. hæð.
Öll upphitun á vatni er með rafmagni þar sem ekki er gert ráð fyrir hitaveitu á staðnum.
Allt skólp er leitt í viðurkennda rotþró með siturlögn, staðsett á lóð 9b. Þróin þjónar lóðum 9a og 9b.

Brunavarnir
Allir veggir og þak uppfylla EI 30 brunakröfu og klæðninar eru a.m.k. í flokki 2. Í öllum svefnherbergjum og í stofu eru reykskynjarar. Handslökkvitæki er í geymslu.

Einangrunartölur
U-gildi einstakra byggingarhluta er eftirfarandi:
Ti>=18°C
Þak 0,2
Útveggir 0,3
Stórir gluggar1,5
Gluggar 2,0
Hurðir 3,0
Gólf 0,3

Sorptunnum er komið fyrir nærri inngangi.

Heildarstærðir
Hús: 149,7 m2 // 526,6 m3 - Kjallari 65,3m2 //156,7m3: samtals 215m2 // 705m3
Lóðarstærð: 5000 m2
Nýtingarhlutfall 0,043

ATH. kjallari er óeinangraður, óupphitaður og gluggalaus.

Gert er ráð fyrir 5-6 bílastæðum á lóðinni.
*ATH. hæðarkótar fyrir svæðið eru ekki fyrirliggjandi*

| BREYTA | DAGSETNING | ATHUGASEMD |
|---|---|---|
| B | 18.9.2013 | Lagnakjallara bætt inn á teikningu |
| A | 6.9.2010 | Grunnflötur húss minnkaður og fyrirkomulagi efri hæðar breytt |

STUDIO STRIK

Rjúpnabraut 9a - Úthlíð
Frístundahús
grunnmyndir og afstaða

Sigríður Ólafsdóttir - arkitekt FAÍ K: 071070 5069
Hulda Aðalsteinsd. - innanhússarkitekt K: 141074 4909

STUDIO STRIK ARKITEKTAR
Hlíðarás 4 221 Hafnarfirði
S: 511 6777 studiostrik.is
K: 590907 1030

DAGSETNING: 28.8.2010 TEIKNAÐ AF: SÓ KVARÐI: 1:100

VERK NÚMER: 2009-08-18 TEIKNINGA NÚMER: A-0.002 BREYTA: B